



Reykjalundur í 80 ár

Reykjalundur og breytt framtíð

- Finna þurfi Reykjalundi tilgang til framtíðar
- Semja þurfi við stjórnvöld á nýjum forsendum
- Endurskoða þurfi tekjumódel Reykjalundar
- Hjúkrunarheimili og geðheilbrigðisþjónusta?

„Ég sé framtíð Reykjalundar hjarta en breytta,“ segir Svana Helen Björnsdóttir, sem er nýtekin við formennsku stjórnar Reykjalundar. Húsnæði Reykjalundar hefur látið á sjá og hluta þess verið lokað vegna myglu. Svana segir aðkallandi að þjónustusamningur við ríkið verði framlengdur. Samningurinn rann út í september en var framlengdur tímabundið til loka janúar 2026.

Semja þarf á ný við stjórnvöld

Tekjur Reykjalundar koma allar í gegnum Sjúkratryggingar sem greiða með hverjum sjúklingi fyrir þá meðferð sem hann fær. Ekki er reiknaður húsnæðiskostnaður, kostnaður við viðhald húsnæðis eða vegna rannsókna og fræðslu. SÍBS á fasteignirnar en getur ekki haldið þeim við. Reykjalundur fær ekki tekjur og því segir Svana að kannski væri eðlilegt að í viðskiptamódelinu myndi Reykjalundur greiða SÍBS eðlilegar leigutekjur af húsnæðinu. Þá myndu stjórnvöld og Sjúkratryggingar greiða Reykjalundi fyrir þjónustuna með tilliti til húsnæðiskostnaðar og annarra kostnaðarliða. SÍBS gæti þá ákveðið hvernig uppbyggingu yrði háttað og hefði tók á að halda húsnæðinu við.

„Það er mikilvægt að endursemjja þar sem þessir kostnaðarliðir verða viðurkenndir, rétt eins og hefur verið viðurkennt að húsnæðiskostnaður hjúkrunarheimila sé raunverulegur,“ segir Svana sem tekur þó



Morgunblaðið/Eggert

Iðjupjálfun Bárá forstöðu iðjupjálfi stendur í ströngu en iðjupjálfun hefur verið á Reykjalundi í hálfu öld. Það var nóg um að vera þegar ljósmyndari Morgunblaðsins smelli af þessum myndum með leyfi þeirra sem á þeim eru.

fram að stjórnvöld séu með í vinnslu stefnumótun um fjármögnun húsnæðis endurhæfingarstofnana. „Það er í smíðum hvítbók um endurhæfingarþjónustu sem heilbrigðisráðherra ætlar að kynna á heilbrigðisþingi 20. nóvember. Í kjölfarið hefist stefnumótunarvinna um eðli og umfang endurhæfingarþjónustu.“

Tímarnir breytast en Reykjalundur var upphaflega byggður

sem endurhæfingarmiðstöð fyrir berklasjúklinga og síðar brjóstholssjúklinga. Áður var hann vinnustaður fyrir fólk í endurhæfingu en í dag koma flestir að morgni og fara að kvöldi. Berklar eru ekki lengur vandamál en nú kemur fólk í endurhæfingu á Reykjalund með hina ýmsu kvilla og sjúkdóma. Svana segir Reykjalund hafa verið mjög mikilvægan allan þennan tíma en

að hann þurfi að breytast og mæta þörfum dagsins í dag.

Myndu byggja öðruvísi í dag

„Ég hef svoltíð verið að skoða þarfirnar. Hvernig eru þær nú og hvernig verða þær á næstu áratugum með lífsstíllssjúkdómum og hærri aldri? Í dag er mjög ungt fólk á Reykjalundi, aðeins 44 ára að meðaltali, en við viljum að fólk

geti viðhaldið færni sem lengst og verið virkt á meðan það lifir,“ segir Svana sem telur að Reykjalundur geti áfram verið endurhæfingarmiðstöð sem þjóni fólki um allt land. Að hennar mati á að nýta auðildir í öllum landshlutum. Þó svo að starfinu sé stýrt frá Reykjalundi eigi fólk að geta fengið ráðleggingar og þjónustu í sinni heimabyggð þannig að það verði minni þörf á öllu því byggingamagn sem í dag er á Reykjalundi. „Hér er mikið vannýtt byggingamagn og byggingamagn sem ekki er hægt að nota. Í dag myndum við byggja öðruvísi, ekki langa ganga og síður þannig að miklar vegalengdir væru á milli deilda.“

Tekjumódeli þurfi að breyta

Svana telur að tekjumódeli Reykjalundar þurfi að breyta. Tekjurnar séu of litlar til að reka starfsemina. Segist hún jafnvel sjá fyrir sér að sjúklingar verði mögulega sóttir út fyrir landsteinana til endurhæfingar ef ekki verði hægt að afla tekna á annan hátt. Hér sé fallett umhverfi og það sem sé sérstakt við endurhæfinguna á Reykjalundi sé þessi þverfaglega endurhæfing með eina heildarlandsmiðstöð í endurhæfingu og átta teymi starfandi sem gætu hæglega verið fleiri. „Hér er fengist við líðan fólks og heilsu þverfaglega en víðast hvar eru endurhæfingarmiðstöðvar sérhæfðar, eins og t.d. í Svíþjóð þar sem lungna- og hjartasjúklingar fara á lungna- og hjartamiðstöð. Hér getur meðferðin verið sniðin að þínum þörfum en það er svo mikilvægt að einhver



Morgunblaðið, 15.11.2025, síðu 11.
grein stærð: 593.20 sm²
grein hæð: 22.85 sm



Morgunblaðið/Eggert

Lífslöngun Á túninu við Reykjalund stendur verkið Lífslöngun eftir Sigurjón Ólafsson.



Morgunblaðið/Eggert

Sjúkraþjálfun Ingibjörg sjúkraþjálfari að störfum. Aðstaðan er til fyrirmyndar á Reykjalundi.



Morgunblaðið/Eggert

Bjartsýn Svana Helen Björnsdóttir, formaður stjórnar Reykjalundar.

horfi á heildarmyndina en ekki bara hvernig staðan er á t.d. hjartanu. Ég vil gera þetta. Ég vil ekki fórna sérstöðu Reykjalundar heldur vil ég byggja á henni að þessu leyti," segir Svana sem tekur fram að stjórn SÍBS þurfi að samþykkja slíkt. Það hafi verið rætt sem möguleiki en engin ákvörðun tekin.

Viðbótar meðferð og -þjónusta

Svana segist sjá fyrir sér viðbót við grunntekjumódelið, að það verði mögulegt að bjóða upp á meðferðir og þjónustu eða eitthvað álíka sem fólk getur notfært sér í kjölfar útskriftar af Reykjalundi ef það vill og er tilbúið að borga fyrir, t.d. sjúkraþjálfun eða einhverja íþróttaiðkun.

Svana sér fyrir sér aukið samstarf við Landspítalann. Hún segir

Grensásdeild Landspítala alltaf verða mikilvæga endurhæfingarmiðstöð en að fólk gæti flætt á milli og unnið saman að rannsóknum. „Á Landspítala er ákveðinn fráflæðisvandi og sjúklingar liggja inni við óviðunandi aðstæður, m.a. á göngum. Ég sé fyrir mér að Reykjalundur geti tekið við einhverju af þessu fólki og að í framtíðinni geti t.d. verið hjúkrunarheimili hér fyrir eldra fólk. Eins sé ég fyrir mér að hér geti verið boðið upp á einhvers konar geðheilbrigðisþjónustu eða endurhæfingu sem tekur lengri tíma.“

Vill alltaf sjá punktstöðu

Það er mikilvægt vísinda- og rannsóknarstarf unnið á Reykjalundi en Svana segist vilja sjá það enn

sterkari þátt í starfinu, að það sé leiðbeinandi um þjónustuna sem veitt er þannig að vitað sé hvert þurfi að stefna og að þörfin og þjónustan sé aðlöguð og þróuð í samræmi við nýjustu þekkingu á grundvelli rannsókna. „Við þurfum að geta árangursmetið endurhæfinguna eða þróað nýjar leiðir og við verðum að gera það á traustum grunni sem byggist á rannsóknum en ekki bara tilviljanakennt af því að okkur dettur það í hug. Ég vil hafa rannsóknarstarfið tengt háskólunum hér á landi og sjá meistaraverkefni og doktorsverkefni unnin í tengslum við það starf sem hér fer fram.“ Svana segir tilvalið að byrja á að kortleggja þörfina fyrir endurhæfingu á landsvísi, að vita hvaða hópi þurfi að mæta og hverjir það séu sem þurfi endurhæfingu og hvernig þjóðinni líði.

Í huga Svönu er mikilvægt að útbúa árangursmælingu til að stjórna endur átti sig á því hvað kosti að ná árangri með skjólstæðingunum. Það verði í framtíðinni hægt að sjá hversu margir dvelja á Reykjalundi á hverjum tíma, hvernig þeim líður, hvaða meðferð þeir þiggja og hver árangurinn sé af meðferðinni. „Það er einhvers konar mat í gangi þegar sjúklingur kemur og svo aftur þegar hann fer en mín tilfinning er að það þurfi að bæta. Ég hef ekki séð þessar mælingar en tel að þetta sé ekki gert með þeim hætti sem ég myndi vilja. Ég vil sjá punktstöðu alltaf og að maður geti á hverjum tíma séð hvaða árangri er verið að ná með hvern og einn þjónustuþega.“

Svana, sem er stjórnarformaður Reykjalundar, vinnur að því með SÍBS að finna svæðinu á Reykjalundi framtíðartilgang auk þess að byggja starfsemina upp þannig að allt falli vel saman og styðji hvað annað. „Eitt af mínum verkefnum er að finna leiðir til að gera þetta á

hagkvæman hátt, hagræða og sjá til þess að mannaflinn okkar sé sem best nýttur í þágu sjúklinga. Þá þarf að ganga úr skugga um að við séum ekki að fara í annan óskyldan rekstur á svæðinu og að svæðið verði allt helgað velferðar- og endurhæfingarþjónustu.